

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 2. júní 2021
UST202105-080/Þ.V.B.
09.07.01

Umsókn um leyfi til framkvæmda - Stekkjahlraun

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hafnarfjarðarbæjar, dagsett 7. maí 2021, um leyfi til framkvæmda í fólkvanginum Stekkjahlrauni.

Stekkjahlraun er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 398/2009. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Allar framkvæmdir í fólkvanginum eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að setja upp ærslabelg á graslaut nálægt Hlíðarbergi innan Stekkjahlrauns. Graslautin var útbúin fyrir 15 árum. Belgurinn yrði mokaður niður í gras og lofti hleypt undir hann. Að verkinu koma 6 manns með litla beltagröfu. Fyrirhugðu staðsetning er sýnd á korti sem fylgir umsókninni ásamt mynd af sambærilegum belg.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfis. Um er að ræða framkvæmd sem fer fram á áður röskuðu svæði. Framkvæmdin er í samræmi við markmið friðlýsingarinnar með því að bæta aðbúnað til útivistar á svæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á ærslabelg innan fólkvangsins Stekkjahlraun sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 29. maí til 17. júní 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.

- Einungis skal aka beltagröfunni að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Nota skal staðargróður við uppgræðslu á sárum í gróðurþekjuni eftir framkvæmdina.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum beltagröfunar og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

René Biasone
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur